



# Þjónustustefna embættis landlæknis

## Útgefið 6. október 2015

Hlutverk embættis landlæknis er meðal annars að veita ráðherra heilbrigðismála og öðrum stjórnvöldum, fagfólki og almenningi ráðgjöf og fræðslu um málefni á verksviði embættisins.

- Komið er fram við þá sem til embættisins leita af virðingu, fagmennsku og heiðarleika.
- Áhersla er lögð á faglegar og greinargóðar upplýsingar þar sem trúnaðar er gætt í hvívetna.
- Afgreiðslan beinir símtölum og fyrirspurnum til viðeigandi starfsmanns sem leysir úr erindinu eða kemur því í réttan farveg.
- Vefur embættisins er áreiðanlegur og notendavænn.
- Erindum sem embættinu berast er svarað í samræmi við góða stjórnsýslu, þ.e. innan tveggja vikna.
- Tölvupósti er svarað eins fljótt og kostur er.
- Gildi embættisins: **Ábyrgð** – **Virðing** – **Traust** eru höfð að leiðarljósi í allri starfsseminni.
- Könnun á gæðum þjónustu verður framkvæmd reglulega.